

---

# Fornleifaúttekt vegna lagningu jarðstrengs milli Akraness og Brennimeis

---



Gylfi Helgason

*Forsíðumyndin er yfirlitsmynd af úttektarsvæðinu.*

© Loftmyndir ehf

*Kortið gerði Gylfi Helgason*

© 2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

HEIMASÍÐA: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs milli Akraness og Brennimels. Skráningin var unnin fyrir Landsnet. Jarðstrengurinn er um 20 km langur og var tekið út 15 m breitt svæði út frá miðlínu strengsins til beggja átta, samtals 30 m breitt belti. Úttektarsvæðið nær yfir 12 jarðir: Garða, Miðvog, Innsta-Vog, Ós, Hvítanes, Bekanstaði, Arkarlæk, Litlu-Fellsöxl, Stóru-Fellsöxl, Klafastaði, Katanes og Eystra-Miðfell. Aðeins fundust fornleifar innan áhrifasvæðis á fimm þeirra, en að auki voru skráðar tvær fornleifar sem ná yfir fleira en eina jörð. Jarðstrengurinn liggur í talsverði fjarlægð frá heimatúnum þessara jarða nema í tilfelli Stóru-Fellsaxlar, þar liggur strengurinn rétt austan við túnjaðarinn.

Vettvangsvinna fór fram á vormánuðum 2020. Innan úttektarsvæðisins reyndust níu fornleifar. Yfirborðsummerki um meirihluta fornleifanna er horfinn en flestar minjanna eru tengjast samgöngum eða mótekju. Nær allar minjar eru norðaustan og suðaustan við Akrafjall en engar fornleifar voru skráðar norðvestan og vestan við fjallið þar sem er mýrlendi. Allar fornleifar innan úttektarsvæðisins voru metnar í stórhættu vegna framkvæmda. Minjar sem voru skammt utan úttektarsvæðis en þó innan 15 m helgunarsvæðis fornleifa voru metnar í hættu, enda nærri fyrirsjáanlegri umferð stórvirkra vinnuvéla.

### *Efnisorð:*

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, deiliskráning, jarðstrengur, Akranes, samgönguminjar, mótekja, Landsnet

## Summary

This report provides the results of a detailed archaeological survey undertaken at a proposed assessment area between Akranes and Brennimelur (W-Iceland) in advance of underground high voltage cable construction. The proposed line is c 20 km long and runs across 12 farms, but is some distance from the farms' homefields, except for Stóra-Fellsöxl where it runs near its eastern borders. The work was carried out for Landsnet, the transmission operator of the Icelandic power grid.

The fieldwork was undertaken in Spring 2020. Before the fieldwork, five sites of archaeological interest were known within the assessment area. Overall, nine archaeological sites were surveyed, mainly routes and evidence of peat cuttings. The archaeology is predominantly situated south-east and north-east of Akrafjall since the area west and north-west of the mountain consisted largely of marshlands before it was drained in the 20<sup>th</sup> century. The archaeology was classified to be at a high risk from the proposed development, whilst sites identified just outside of the proposed assessment area were classified to be at a moderate risk.

*Keywords:*

Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, Akranes, HV underground cable, Landsnet





## Efnisyfirlit

|                                             |    |
|---------------------------------------------|----|
| 1. Inngangur.....                           | 6  |
| 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf..... | 8  |
| 3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....     | 10 |
| 4. Fornleifaskrá.....                       | 12 |
| 5. Fornleifar innan úttektarsvæðis .....    | 20 |
| Heimildaskrá .....                          | 23 |

### Viðaukar

Hnitaskrá ISN93

Minjakort



# 1. Inngangur

Á vetrarmánuðum 2020 óskaði Gunnar Sigurðsson, verkefnastjóri hjá Landsneti, eftir að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar lagningu jarðstrengs frá Akranesi að Brennimel í Hvalfjarðarsveit. Strengurinn er um 20 km langur og liggur um land 12 jarða, þ.e. Garðar, Miðvogur, Innsti-Vogur, Ós, Bekanstaðir, Hvítanes, Arkarlækur, Litla-Fellsöxl, Stóra-Fellsöxl, Klafastaðir, Katanes, og Eystra-Miðfell. Tekið var út 15 m breitt svæði frá miðlínu strengsleiðarinnar til beggja átta, samtals 30 m breitt belti. Við hönnun fyrirhugaðrar framkvæmdar var leitast við að fylgja að mestu núverandi jarðstrengjum og vegum þannig að rask á óröskuðu landi yrði sem minnst.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af úttektarsvæðinu. © Loftmyndir ehf

Svæðið sem tekið var út vorið 2020 er að mestu framræst votlendi langt utan heimatúna jarðanna ef frá er talið tún Stóru-Fellsaxlar en þar mun strengurinn liggja rétt utan austurhluta túnsins. Frá vestri nær svæðið frá Litla-Einbúa og fylgir Akrafjallsvegi 51 að Litla-Klapparholti. Þessi hluti úttektarsvæðisins er talsvert raskaður, einkum vegna þéttbýlismyndunar á Akranesi. Austar liggur línin í gegnum framræst votlendi norðan við Akrafjall og fylgir þar að mestu annað

hvort framræsluskurðum eða Akrafjallsvegi 51. Þegar komið er að Kotmelum í Litlu-Fellaxlarlandi er gert ráð fyrir að strengurinn sveigi til suðausturs og fylgi þar vegi í landi Stóru-Fellsaxlar. Umtalsvert rask hefur verið á þeim slóðum. Við Kotmela er efnistökunáma og þar er félagsheimilið Fannahlíð og við það er lítill skógreitur. Strengurinn liggur rétt norðan við Grundartangaveg 506 og þaðan í gegnum framræst votlendi og skógræktarsvæði til NNV, milli Eiðis- og Hólmavatns og endar við Brennimel í landi Eystra-Miðfells (mynd 1).

Aðalskráning þriggja hreppa hafði verið unnin áður en vettvangsskráning hófst vorið 2020, aðalskráning fornminja á Akranesi frá 1999,<sup>1</sup> aðalskráning fornleifa í Skilmannahreppi frá 2003<sup>2</sup> og aðalskráning fornleifa í Hvalfjarðarsveitarhreppi frá sama ári.<sup>3</sup> Enn fremur var gerð deiliskráning fornminja í landi Klafastaða og Kataness árið 2000.<sup>4</sup> Voru allar þessar úttektir yfirfarnar áður en vettvangsvinna hófst og voru fimm fornleifar þekktar innan úttektarsvæðis.

Farið var á vettvang á vormánuðum 2020 í vindasömu en björtu vorveðri. Gengið var skipulega um svæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsvinnu, úrvinnslu, og skýrslugerð sá Gylfi Helgason. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

Framsetning skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er svo farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Skýrslunni fylgja viðaukar með hnitaskrá og minjakortum.

---

<sup>1</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1999.

<sup>2</sup> Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson 2003

<sup>3</sup> Birna Lárusdóttur, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson 2003.

<sup>4</sup> Adolf Friðriksson 2000.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.



### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-093:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF

175

009

Sveinshlaða


tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar**

**Heimildir: Túnakort 1920**

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-093:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar á svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í stórhættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits metnir í stórhættu vegna framkvæmda vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á svæðinu. Í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar innan hvernar jarðar sem eru innan úttektarsvæðisins. Vegna þess er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

## 4. Fornleifaskrá

### BO-013 Katanes

#### *Sögulegar heimildir*

**1686:** 16 hdr., 160 ál., Saurbæjarkirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

**1695:** 16 hdr., Saurbæjarkirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

**1706:** 16 hdr., Saurbæjarkirkjueign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV, 40.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 106.

Í Landnámu segir: „Kalman var ok írskr, er áin er við kennd, ok bjó fyrst í Katanesi.“ ÍF I, 61

Í Harðar sögu segir: „Þeir Illugi sækja þá eptir þeim Herði fast, en þeir halda fram fyrir nesit. Þá gaf Hörðr nafn nesinu ok kallaði Katanes, því at honum þótti þar margr kati fyrir fara.“ ÍF XII, 72.

Fyrir **1300:** „Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. hit þriþia [at] ramna berge. fiorþa i hofþa. fimta i katanese.“ DI I, 265 sbr. [1367]; DI III, 223; 1397; DI IV, 197–198; [1491-1518]: DI VII, 55.

**1575:** „Kirkian ad Saurbæ Kirkian ad Saurbæ á [...] thessar Jarder [...] Katanes landgillde c.“ DI XV 631–632.

#### *Landkostir*

Túnakort **1920:** Tún 40,548 m<sup>2</sup>, 1/3 þýft. Garðar 1,045 m<sup>2</sup>.

**1706:** „Torfrista og stúnga sæmileg. Reiðingsrista bjargleg heimamönnum. Móskurður til eldiviðar nægur. Rifhrís lítið. Silúngsveiðavon nokkur í vatni því, sem heitir Eiðisvatns, og á jörðin land þar að. Heimræði er jafnan þá fiskur er á Hvalfirði og Rekavon lítil, og heyrir hann staðnum til, að því observeruðu, hvað Innra hólms proprietarii kunna með rjettu til að kalla. Skelfiskfjara mikil og góð, líður stóra aðsókn af þeim, sem ekkert eiga tilkall, og það í óþakklæti við ábúandann og staðarhaldarann. Hætt er kvikfje fyrir flæðum. Vatnsból er merkilega vont sumar og vetur.“ JÁM IV, 40–41.

#### **BO-013:013** *Viðleguholtin* tjaldstæði

X 366453 Y 433627

„Austast með Eiðisvatni, og heldur lengra til austurs, eru Viðleguholtin. Þar var tjaldað, þegar heyjað var við Eiðisvatn, á Fitjunum austan við það, einnig út með Vatninu“ segir í örnefnalýsingu. Tjaldstaðurinn var um 1,7 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 150 m vestan við Hólmavatn.

Viðleguholtin voru nálega mitt á milli Hólmavatns og Eiðisvats. Búið er að ræsa landið fram og til NNV eru ræktuð tún.

Búið er að slétta Viðleguholtin og setja undir akveg. Engar fornleifar sjást á yfirborði og ekki víst að þeirra væri að vænta hvort eð er þótt tjaldað hafi verið á staðnum þegar heyjað var.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Katanes, 5

## BO-087 Kjalardalur

### *Sögulegar heimildir*

**1686:** 18 hdr., 80 ál., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

**1695:** 20 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

**1706:** 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, 117.

**1847:** 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 109. Í neðanmálsgrein segir: „hálf jörðin var áður Thorkillii barnaskóla eign.“

Ítak **1706:** „hálfkirkjunni eigna menn ítak nokkurt í Arkarlandi, en eru ekki vissir hver sje, halda þó vera muni í Arkarlækjarlandi,“ JÁM IV, 118.

### *Landkostir*

Túnakort **1920:** 36,000 m<sup>2</sup>, ½ þýft. Garðar 2,143 m<sup>2</sup>.

**1706:** „Torfrista og stúnga lök. Mótak nægilegt. Berjalestur nokkru nýtur. Heimræði sem segir um Arkalæk, og þó mun bágara ... Fjallskriður spilla landinu,“ segir í JÁM IV, 118.

**BO-087:013** Stekkjarskriða örnefni stekkur X 360030 Y 432442  
„Utan við gilið [þ.e. Djúpargil] niður á jafnsléttu heita Hryggir [...]. Þar upp við fjallið er svo stór og mikil skriða, Stekkjarskriða; úr henni hefir mikið verið tekið í sambandi við hafnargerðina á Akranesi,“ segir í örnefnaskrá. Stekkjarskriða er um 420 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m sunnan við Akrafjallsveg 51.



Stekkjarskriða 013, horf til suðausturs

Á þessum slóðum er efnistökunáma og liggur afleggjari af Akranesfjallsvegi niður að Stekkjarskriðum. Til suðurs er framræst votlendi.

Engin merki stekkjars sjást á yfirborði og vera kann að hann hafi horfið vegna efnistökunámu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kjalardalur, 2



## BO-088 Litla-Fellsöxl

### Sögulegar heimildir

1686: 10 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

1695: 10 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

1706: 16 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV, 118.

1847: 16 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 106.

Jörðin er einnig nefnd Efra Fellsöxl, sbr. JÁM IV, 118.

### Landkostir

Túnakort 1920: 34,377 m<sup>2</sup>, ¼ þýft. Garðar 1,335 m<sup>2</sup>.

1706: „Torfrista lök. Móskurður nægur. Heimræði má hjer ekki kalla, þó lenda megi skipi með háflæðum,“ segir í JÁM IV, 118.

### BO-088:014 garðlag óþekkt

X 361224 Y 432581



Garðlag 014, horft til suðausturs

Pasturslítið garðlag er um 370 m sunnan við bæ 001 og tæpum 100 m sunnan við Akrafjallsveg 51.

Garðlagið liggur í framræstu votlendi mitt á milli áveituskurðar og Akrafjallsveg 51.

Garðlagið er 30 m langt og snýr nálega austur-vestur. Það er torfhlaðið, um 0,5 m á breidd en 0,4 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt, en líklegast var hann áveitugarður (þótt ekki sé hægt að útiloka að hann hafi einfaldlega verið hlaðinn undir

gamla girðingu).

### Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Yfirlitsmynd af garðlagi 014. © Loftmyndir ehf

## BO-093 Klafastaðir

### *Sögulegar heimildir*

1686: 10 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

1695: 10 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

1706: 10 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV, 43.

1847: 12 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110.

### *Landkostir*

Túnakort 1920: 43,055 m<sup>2</sup>, 1/7 þýft. Garðar 740 m<sup>2</sup>.

1706: „Torfrista og stúnga viðsæmandi. Reiðingsrista lög og nærri þrotin. Móskurður til eldiviðar nógur, en þó erfiður. Heimræði er ár um kríng, þá fiskur er á Hvalfirði, og lending sámileg. Rekavon lítil og á stóllinn hjer ekki reka, vid. Alibi Innra Hólm. Túnið er meinþýft og grýtt, og þar fyrir milir partar úrgengir. Landþröngt er. Ekki er kvikfje óhætt fyrir flæðum á skerjum þeim, sem vita til Kataness. Stórvíðri hafa hjer oft veðrum grandað. Vatnsból bregst um vetur, þó skjaldan, en þegar bregst til stórmeina. Kirkjuvegur illur og langur,“ segir í JÁM IV, 44.

### BO-093:020 mógrafir

X 363996 Y 431481

„Í Klafastaðalandi var víða mótak, en grunnt, 2-3 stungur. Sámilegur mór var þarna. Í seinni tíð var tekinn mór norðvestan við (norðanhalt við) Langamel. Kristmundur [Þorsteinsson, sonur Þorsteinn Narfasonar] man vel eftir því. Á styrjaldarárunum var hætt að taka mó,“ segir í örnefnaskrá. Mógrafirnir voru um 1 km VNV við bæ 001 og rúmum 250 m NNV huldufólksbústað 019. Grafirnar voru upphaflega skráðar í tengslum við aðalskráningu fornminja í Skilmannahreppi 2003. Minjastaðurinn var aftur heimsóttur þegar skráðar voru fornleifar vegna jarðstrengs milli Akraness og Brennimels 2020.

Akvegur liggur gegnum það svæði þar sem mógrafirnar voru og til norðurs. Sunnar er vísir að skógrækt.

Engin ummerki um mógrafir sjást lengur á svæðinu og líklega hafa þær horfið þegar svæðið var framræst.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 4; Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson 2003, 45

### BO-093:023 náma mógrafir

X 364972 Y 431485



Yfirlitsmynd af mótækjussvæði 023. © Loftmyndir ehf

„Merki eru um mótöku við Grænhóla [093:010]. Kristmundur [Þorsteinsson, sonur Þorsteinn Narfasonar] man ekki eftir því, þannig að það hefur verið fyrir hans daga, en greinilegt er, að mór hefur verið tekin þar einhvern tíma,“ segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru um 650 m norðan við bæ 001 og rúmum 70 m sunnan við tóft 028. Grafirnar voru upphaflega skráðar í tengslum við aðalskráningu fornminja í Skilmannahreppi 2003. Minjastaðurinn var aftur heimsóttur þegar skráðar voru fornleifar vegna jarðstrengs milli Akraness og Brennimels 2020.

Grafirnar eru á deiglendu svæði sem er



smápýft og er mosi talsverður í þúfum og rimum. Til norðurs er framræst svæði og vísir að skógrækt.

Mógrafirnir ná yfir svæði sem er 150 x 100 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þær eru mjög ógreinilegar en vesturhluti þeirra er skýrastur. Vegna stærðar er erfitt að áætla fjölda mógrafa en þær skipta sennilega tugum. Hin dæmigerða mógröf er ferhyrnd, 4 x 4 m að stærð, 0,5 m djúp og er þurr í botninn. Grafirnar sjást illa á austurhluta svæðisins og hverfa alveg þegar komið er að Grundartangaveg 506.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Klafastaðir b, 4-5; Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson 2003, 46

**BO-093:028** tóft

X 364970 Y 431560

Tóft er um 70 m austan við Grænhóla 010 og rúmum 10 m vestan við Grundartangaveg 506. Hún var fyrst skráð við aðalskráningu fornminja í Skilmannahreppi 2003. Minjastaðurinn var aftur heimsóttur þegar skráðar voru fornleifar vegna jarðstrengs milli Akraness og Brennimels 2020 en þá kom í ljós að tóftin er horfin.



Staðurinn þar sem tóft 028 var, horft til austurs

Á þessum slóðum eru lítil moldarflög áberandi, einkum til NNV, en annars er svæði grasigróið og smápýft.

Engin ummerki tóftar sjást lengur á vettvangi. Frá því að tóftin var skráð 2003 er búið að leggja Grundartangaveg 506 rétt sunnan við þar sem tóftin var og líklega hefur hún horfið vegna þeirra framkvæmda. Í aðalskráningu fornminja í Skilmannahreppi frá 2003 var tóftinni lýst svo: „[tóftin er] 5 m löng og 4 m breið, snýr N-S, skiptist í tvö misbreið hólfi sem snúa opnum göflum til austurs. Að innanmáli er syðra hólfið 2 m, en hið nyrðra 1 m, veggir eru um 1 m breiðir og 0,30 sm háir. Þeir eru grónir og sokknir og ekki hægt að sjá í hleðslur.“

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson 2003, 47



## BO-095 Stóra-Fellsöxl

### *Sögulegar heimildir*

**1686:** 20 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.

**1695:** 20 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 138.


**1706:** 20 hdr., Skálholtsstólseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV, 42.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110.

### *Landkostir*

Túnakort **1920:** 51,838 m<sup>2</sup>, ¼ þýft. Garðar 1,439 m<sup>2</sup>.

**1706:** „Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar nægur. Rifhrís hefur verið en er eytt. Silúngsveiðavon er og jefur oft að gagni komið, en fer mjög til þurfaðar í nokkur ár. Túninu hefur grandað bæjarlækurinn til forna smám saman, en næstaliðið ár merkilega. Sami lækur spilti og undir eins enginu. Átroðning líður ábúanda af nábúa beit fyrir landþröngvar skuld. Hætt er fyrir snjóflóðum af bæjarlæknum mjög so, að oft hefur þar skaði orðið, þó hvörki manntjón nje penínga. Sami lækur ber skriður á tún og engjar. Hætt er kvikfje fyrir foruðum. Vatnsból er erfitt um vetur fyrir fannlögum og svellum, og hefur bæjarlækurinn næstumliðið betur fordjarfað hinn forna brunn. Kirkjuvegur er erfiður og langur,“ segir í JÁM IV, 43.



Yfirlitsmynd af tóft 020. © Loftmyndir ehf

**BO-095:020** tóft

X 363222 Y 432183

Lítill og gróin tóft er um 300 m NNV við bæ 001 og rúmum 110 m NNA við útihús 003.

Tóftin er á deiglegndri og grösugri brekku en til austurs er framræst votlendi.

Tóftin er 4,5 x 4,5 m að stærð. Hún er torflaðin og eru veggir 0,4-0,6 m á hæð, stæðilegastir til norðurs. Botn tóftinnar er sléttur en rakur. Ekki er hlaðinn veggur a austurhlið tóftarinnar. Miðað við staðsetningu

og lögun tóftarinnar er líklegast að hún sé af mókofa.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## BO-631 Fornleif á fleiri en einni jörð

**BO-631:002** heimild um leið

X 361416 Y 432666

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1910 (sem óviss gata). Hún liggur frá túni Litlu-Fellsaxlar (BO-088) til suðausturs og sameinast vegi 631:003 rétt sunnan við Kotmela. Gatan var ekki skráð í aðalskráningu fornminja frá 2003. Hluta götunnar í Litlu-Fellsaxlarlandi var lýst á vormánuðum 2020 vegna lagnaframkvæmda við þéttbýlið á Akranesi. Engin merki um götu sjást lengur á þessum slóðum og sennilega hefur hún aldrei verið fjölfarin eða skilið eftir sig mikil ummerki.



Leið 631:002 teiknuð eins og hún er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1910. © Loftmyndir ehf

Gatan lá gegnum votlendi sem nú er framræst og nýtt er fyrir hrossabeit.

Engin ummerki um götu sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 26 SA

**BO-631:003** leið

X 362800 Y 432325

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1910. Gatan lá frá Litlu-Fellsöxl og til suðausturs. Hún fór



um tún Stóru-Fellsaxlar (BO-095), og milli túnjaðra Klafastaðakots (BO-093) og Klafastaða (BO-094). Þaðan lá hún norðvestur meðfram sjávarströndinni og endaði við tún Kataness (BO-013). Hluti af þessari gömlu götu var kannaður árið 2020 vegna jarðstrengsframkvæmda í landi Litlu-Fellsaxar og Stóru-Fellsaxar. Engin ummerki um götu sjást lengur innan þess svæðis sem tekið var út en þar sem gatan lá áður er nú að stórum leyti malarvegur.

Gatan þræddi gegnum votlendi og lá yfir grónar hæðir sem að hluta eru komnar undir trjárækt.

Engin merki um götuna sjást lengur á yfirborði á því svæði sem kannað var 2020, vegna vegagerðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herföngingjaráðskort 26 SA



Leið 631:003 teiknuð eins og hún er sýnd á herföngingjaráðskorti frá 1910. © Loftmyndir ehf

## 5. Fornleifar innan úttektarsvæðis

Samtals voru skráðar níu minjar innan eða fast utan úttektarsvæðisins. Minjar innan þess eru langflestar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda en þær minjar sem eru fast utan svæðis (en innan 15 m helgunarsvæðis fornleifa) voru metnar í hættu. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert fyrir minjastað er metið hvort einhver hætta gæti mögulega steðjað að fornleifum. Íðulega er þó ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski, enda tilgangur hættumatsins m.a. sá að benda á að umræddur minjastaður gæti lent í hættu vegna framkvæmda. Í tilfelli jarðstrengsins er líklegt er að hægt yrði að komast hjá raski á allflestum minjanna sem skráðar voru innan áhrifasvæðis ef þær væru vel merktar á framkvæmdatímanum.

Úttektarsvæðið er langt utan heimatúna þeirra jarða sem strengurinn mun liggja um, ef frá er talið tún Stóra-Fellsaxlar en þar liggur strengurinn rétt utan við austurhluta túnsins. Svæðið sem strengurinn liggur í gegnum er meira og minna framræst votlendi sem hefur mjög sennilega lítið verið nýtt í gegnum aldirnar. Heimildir geta aðeins um stöku úthagaminjar, eins og stekk og mótekju á þessum slóðum. Vitað var um fimm fornleifar áður en úttektin hófst en við vettvangsskráningu bættust fjórar aðrar minjar við (tafla 1). Hér neðar eru samantekt um minjar sem fundust innan svæðis.

**Tafla 1. Minjar innan úttektarsvæðis**

| Samtala    | Sérheiti       | Tegund  | Hlutverk   | Fjarl. frá miðlínu (m) | Hættumat  |
|------------|----------------|---------|------------|------------------------|-----------|
| BO-013:013 | Viðleguholtin  | Heimild | Tjaldstæði | 2,5                    | Stórhætta |
| BO-087:013 | Stekkjarskriða | Örnefni | Stekkur    | 4                      | Stórhætta |
| BO-088:014 |                | Garðlag | Óþekkt     | 27,5                   | Hætta     |
| BO-093:020 |                | Heimild | Mógrafir   | 1,5                    | Stórhætta |
| BO-093:023 |                | Náma    | Mógrafir   | 12                     | Stórhætta |
| BO-093:028 |                | Heimild | Óþekkt     | 1,5                    | Stórhætta |
| BO-095:020 |                | Tóft    | Mógrafir   | 27                     | Hætta     |
| BO-631:002 |                | Heimild | Leið       | 0                      | Stórhætta |
| BO-631:003 |                | Heimild | Leið       | 0                      | Stórhætta |

Úttektin hófst vestast á svæðinu, við Akranes en ekki fundust minjar innan svæðis fyrr en komið var í land Kjaldaldals. Þar liggur jarðstrengurinn í gegnum gamla efnistöknámu sem tekin

var í tengslum við Akrafjallsveg 51. Örnefnið *Stekkjarskriða* er þekkt á þessum slóðum en engin ummerki um stekk sáust á yfirborði þar og er hann líklega horfinn vegna efnistökkunnar.

Í landi Litlu-Fellsaxlar fundust tvær fornleifar. Annað var veigalítið garðlag (BO-088:014) sem er líklega áveitugarður, en gæti þó hafa verið undir gamalli girðingu. Garðlagið er utan svæðis en mörk úttektaarsvæðis ná innan 15 m helgunarsvæðis fornleifa. Hins vegar er þekkt heimild um götu (BO-631:002) á þessum slóðum. Sú leið var sennilegast aldrei fjölfarin eða hefur líklegast ekki skilið eftir sig mikil ummerki og sáust engin merki hennar lengur á yfirborði.

Tvær fornleifar fundust í landi Stóru-Fellsaxlar. Sæmilega varðveitt mótóft (BO-095:020) er rétt norðan við malarveg. Hún er utan við úttektaarsvæðið en það nær inn fyrir 15 m helgunarsvæði hennar. Enn fremur var á þessum slóðum skráð gömul leið (BO-631:003) sem liggur að hluta meðfram jarðstrengnum og þar sem núverandi malavegur liggur. Leiðin sést ekki lengur á yfirborði vegna vegagerðar.

Í Klafastaðalandi voru skráðar þrjár fornleifar innan úttektaarsvæðis, þar af tvær mógrafir. Mógrafir (BO-093:020) voru áður rétt sunnan við Lyngholt en þær eru horfnar vegna framræslu. Enn sjást hins vegar ummerki um mótekju (BO-093:023) rétt suðvestan við Grænhóla. Þar sjást margar grafir en þær eru allflestar þurrar og fremur litlar. Að auki var áður tóft (BO-093:028) á þessum slóðum. Tóftin var skráð árið 2000 rétt norðaustan við Grænhóla en hún hefur síðar horfið, líklega þegar Grundartangavegur 506 var lagður og sjást engin ummerki um hana lengur á yfirborði.

Að lokum var skráð heimild um tjaldstaði við *Viðleguholtin* (BO-013:013) í landi Kataness. Þar var tjaldað meðan heyjað var við Eiðisvatn. Holtin hafa verið sléttuð út og lögð undir veg og sáust engin merki fornleifa og raunar óvíst hvort einhverjar mannvistarleifar voru yfirhöfuð til staðar á þessum stað í upphafi.

Af þeim fornleifum sem sýnileg ummerki sjást enn um eru mógrafir BO-093:023 eini minjastaðurinn sem er innan áhrifasvæðis. Tóft BO-095:020 og garðlag BO-088:014 eru skammt utan marka úttektaarsvæðis en nær áhrifasvæði inn í friðhelgi þeirra; í báðum tilfellum ætti að vera hægt að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki tóftirnar með merkingum. Ljóst er að á þeim stöðum sem engin yfirborðsummerki sjást um minjar gætu minjar komið í ljós við rask. Um þá staði sem og aðra staði sem hér er um fjallað er það Minjastofnunar að ákveða hvort og þá hvaða mótvægisáðgerða er nauðsynlegt að grípa til svo að framkvæmdir geti farið fram líkt og áætlað er.



Hvað lagaleg fyrirmæli um fornleifar á framkvæmdasvæðum varðar, þá segir í 22. og 23. grein laga um menningarminjar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þar segir enn fremur: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“ Það er m.ö.o. hlutverk Minjastofnunar Íslands að taka til meðferðar þau tilvik þar sem minjastaðir lenda innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda.

## Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson. 2000. *Fornleifakönnun í landi Klafastaða og Kataness*. FS127-00181. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1999. *Akranes: Fornleifaskrá*. FS066-97052. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson. 2003. *Fornleifar í Skilmannahreppi*. FS203-00033. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2003. *Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi*. FS214-00034. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.
- DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. 1857–1972. I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Herforingjaráðskort 26 SA: Borgarfjörður-Akranes. 1:50.000. Útgáfuár 1910.
- ÍF: *Íslensk fornrit*. 1935–2002 I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.
- JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Borgarfjarðarsýsla*. 1925/1927. IV bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

## Óprentaðar heimildir

- Túnakort 1920:** Túnakort Hvalfjarðarstrandarhrepps 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Túnakort 1920:** Túnakort Skilmannahrepps 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Ö-Kjalardalur:** Örnefni í Kjalardal. 1966. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Klafastaðir b:** Örnefni á Klafastöðum. Athugasemdir og viðbætur. 1982. Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði, 1982. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## Viðauki: Hnitaskrá ISN93

| Samtala    | X      | Y      |
|------------|--------|--------|
| BO-013:013 | 366453 | 433627 |
| BO-087:013 | 360030 | 432442 |
| BO-088:014 | 361224 | 432581 |
| BO-093:020 | 363996 | 431481 |
| BO-093:023 | 364972 | 431485 |
| BO-093:028 | 364970 | 431560 |
| BO-095:020 | 363222 | 432183 |
| BO-631002  | 361416 | 432666 |
| BO-631003  | 362800 | 432325 |









